



# Rýmingar- og viðbragðsáætlun – Hofsós

Leikskólinn Tröllaborg er staðsettur í tveimur byggðalögum og er ekki gott að setja leikskólastjóra í lykilhlutverk. Því er ábyrgðin aðalega á deildarstjórum en að sjálfsögðu verður leikskólastjóri innan handar ef hann er á staðnum.

Svæðið sem starfsmenn Tröllaborgar á Hofsósi bera ábyrgð á er leikskólarturinn af skólahúsnæðinu á Hofsósi.

Rýmingaráætlun ásamt teikningu af leikskólanum skal vera á sýnilegum stað á deildinni.

## Rýmingaráætlun Tröllaborgar á Hofsósi

**Fyrstu viðbrögð** eru að deildarstjóri/staðgengill staðfesti hvort um bruna sé að ræða og tekur í framhaldi af því ákvörðun hvort rýma eigi leikskólann. Ef þörf er á rýmingu hringir deildarstjóri/staðgengill í neyðarlínu 112. **Ef ekki er þörf á rýmingu þarf að hringja í Securitas.**

Brunakerfi til staðar. Þegar eldur kemur upp heyrir í innra tónmerki stöðvar ásamt hljóðgjöfum, rauða ljósið **ELDUR** lýsir og á skjánum birtist upplýsingar um eldsupptök með vistfangi tækis og staðsetningu. Skoðið yfirlitsmynd/skýringartexta þar sem tekið er fram hvar í húsinu þetta svæði er. Kannið hvort um raunverulegan eld er að ræða. Rautt ljós er á þeim skynjara sem gaf eldboðin. Ef boð eru á fleiri en einum skynjara blikkar ljós við **ELDUR** undir **BIÐRÖÐ**.

**Ef ekki er þörf á að rýmingu skal láta starfsfólk leikskólans vita**

**Brunakerfi:** Er staðsett í anddyri leikskólans, við útidyrarhurð út á leiksvæði. Þar eru notendaleiðbeiningar um kerfið.

**Símar:** Tveir símar er í Tröllaborg á Hofsósi. Borðsími í undirbúningsherbergi og handfrjáls inni á deild.

**Deildarstjóri/staðgengill** athugar hvort slökkva megi eldinn með slökkvitæki. Ekki skal grípa til þess nema starfsmenn viti hvernig eigi að standa að því og aldrei ef líf eða heilsa er í hættu með þeim aðgerðum.

**Slökkvitæki:** Þrjú slökkvitæki eru í leikskólanum. Eitt í forstofu við austari innganginn. Annað við dyrnar inn í forstofu og þriðja í starfsmannaaðstöðu.

**Eldvarnarteppi** er staðsett í eldhúsi.

### Flóttaleiðir

- Neyðarútgangur út úr aðalrými er hægra megin á sviði, gluggi sem opnast út á leiksvæði. Merkt með límmiða á rúðunni.
- Neyðarútgangur er út úr hvíldarherbergi um glugga sem opnast út á leiksvæði. Merkt með límmiða yfir glugganum.



# Rýmingar- og viðbragðsáætlun – Hofsós

- Neyðarútgangur er innst á ganginum, dyr sem opnast út á leiksvæði. Neyðarmerki er yfir hurðinni.
- Í anddyri eru tvær útidyrhurðir og eru neyðarmerki yfir þeim.
- Á ganginum er neyðarmerki sem vísar á aðalinngang leikskólans.

**Nafnalisti** er á deildinni þar sem merkt er við komu barnanna í leikskólann. Ef til rýmingar kemur á að taka nafnalistann með út og merkja sérstaklega við hvert og eitt nafn til að ganga úr skugga um að allir sem mættir eru séu komnir út.

## **Brunaæfing, hlutverk og ábyrgð starfsmanna**

Á hverju hausti er rýmingaráætlunin kynnt og starfsmönnum úthlutað ákveðnu hlutverki sem þeir bera ábyrgð á.

- Starfsmenn nr. 1, 3, 4 og 5 sjá um ásamt deildarstjóra að koma börnunum út.
- Starfsmaður nr. 2 fer út og tekur nafnalistann með sér, merkir svo við þau börn sem út koma.
- Þegar allir eru komnir út fara starfsmenn með börnin yfir á tjaldstæði eða körfuboltavöll eftir því hvoru megin er farið út úr húsinu.
- Þegar deildarstjóri er búinn að tryggja að öll börn séu komin í örugga umsjá starfsmanna fer hann og gengur úr skugga um að allir hafi komist út og enginn orðið eftir.
- Deildarstjóri/staðgengill er tengiliður við slökkvilið þegar það kemur á staðinn. Lætur vita hvort allir séu komnir út eða ef einhver er inni, þá hvar var vitað af þeim síðast. Láta vita hvar eldsupptök voru, ef það er vitað.

**Mikilvægt er að halda ró sinni og hafa stjórn á aðstæðum**

## **Lykilnúmer starfsmanna - Rýmingaráætlun**

**Deildarstjóri – Ása – tekur ákvörðun um rýmingu, sér um að tilkynna og koma börnunum út.**

**Nr. 1** Bjargey – **staðgengill deildarstjóra/** aðstoðar við að koma börnunum út.

**Nr. 2** Lína – **sér um mætingarlista.**

**Nr. 3** Ólinga – **staðgengill nr. 2/** aðstoðar við að koma börnunum út.

**Nr. 4** Karen - aðstoðar við að koma börnunum út.

**Nr. 5** Sigurlaug - aðstoðar við að koma börnunum út.